

Fundargerð 114. fundar Fræðslusjóðs
þriðjudaginn 25. janúar 2022 kl. 14:00-15:30.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson, Eva Margrét Kristinsdóttir, Magnús Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Starfsmannamál FA

Sigríður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA er að láta af störfum, en í hennar stað hefur stjórn FA gengið frá ráðningarsamningi við Hildi Betty Kristjánsdóttur. Hildur Betty mætti á fundinn, en hún tekur formlega til starfa 1. febrúar.

2. Fundargerð síðasta fundar (fskj. 02. Fundarg. 113. fundar)

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt og verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

3. Staðfesting úthlutunar til námsleiða, ráðgjafar og raunfærnimats 2022 (03.

Úthlutun 2022).

Afgreiðsla: Úthlutunin var samþykkt.

4. Úthlutunarnefnd þróunarverkefna

Afgreiðsla: Stefnt er að því að skipun nefndarinnar liggi fyrir á næsta fundi. FA mun vera í sambandi við tilnefningaraðila.

5. Tillögur að forgangssviðum þróunarverkefna (fskj. 05. Forgangssvið 2013-2021)

Afgreiðsla: Stefnt er að því að tillögur stjórnar og úthlutunarnefndar liggi fyrir á næsta fundi til staðfestingar. FA verði í sambandi við stjórnarmenn og úthlutunarnefnd þegar hún hefur verið tilnefnd.

6. Erindi frá samstarfsaðilum

a. Viska Vestmannaeyjum (fskj. 04. Viska)

Afgreiðsla: : Formaður lagði til að erindinu yrði hafnað, en ekki var samstaða um það í stjórn. Samþykkt að formaður, auk varaformanns og framkvæmdastjóra FA leiti frekari upplýsinga hjá Visku um forsendur erindisins og móti drög að skriflegu svari.